Áveitan

11. tbl. 19. árgangur. Nóvember 2026



Áveitan í Flóahreppi
Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is 845-9719
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com 865-5692

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar



Í nóvember er fjárhags-áætlun og forgangsröðun verkefna næsta árs í brenni-depli hjá sveitarfélaginu. Við leggjum línurnar fyrir fram-kvæmdir og viðhald, með hliðsjón bæði af því sem þarf að leysa núna og þeirri upp-byggingu sem við viljum sjá til lengri tíma.

Á næstu dögum verður meðal annars unnið áfram að fram-kvæmda- og viðhaldsáætlun sveitarfélagsins og fjárfestingar -áætlun fyrir árin 2027–2030. Þar undir falla bæði fasteignir sveitarfélagsins og verkefni vatnsveitunnar.

Undirbúningur viðbyggingar við Flóaskóla heldur áfram. Hönnun er að mestu lokið og sveitarfélagið fer nú yfir gögnin. Áður en verkið verður boðið út þarf að ljúka frá-gangi og samræmingu verk- og útboðslýsinga, meðal annars fyrir innan- og utanhússfrágang. Sérstök byggingarnefnd, sem sveitarstjórn hefur skipað, á að tryggja skýra stjórnun, samráð og eftirfylgni verkefnisins.

Framkvæmdir við áhaldahús sveitarfélagsins í Heiðargerði eru komnar af stað og voru sökklar hússins steyptir 30. október. Með byggingunni er brugðist við þörf fyrir hentugt húsnæði undir starfsemi fasteignasviðs, vatnsveitu og ljós-leiðara, ásamt aðstöðu til að geyma og hýsa tæki, búnað og

aðrar eignir sveitarfélagsins sem tengjast þessum verkefnum.

Uppbygging íbúðabyggðar í Þingborg heldur áfram. Nú er verið að ljúka vinnu og tengingum við lagnir og fyrsti áfangi er tilbúinn fyrir malbikun. Samhliða verður körfubolta-völlurinn við Flóaskóla malbikaður. Þannig miðar bæði uppbyggingu íbúðasvæðisins og endurbótum á aðstöðu við skólann áfram.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. veitir faglega skóla- og velferðarþjónustu með lífsgæði íbúa og farsæld barna og fjölskyldna að leiðarljósi. Aðalstarfsstöð þjónustunnar er í Laugarási, en starfsfólk sinnir jafnframt stórum hluta þjónustu og ráðgjafar í sveitarfélögunum sjálfum. Samstarfið við nágrannasveitarfélögin er því mikilvægur þáttur í þjónustu við íbúa Flóahrepps.

Flóahreppur er einnig aðili að Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs., UTU, þar sem nokkur sveitarfélög vinna saman að skipulags- og byggingarmálum. Samstarfið nær jafnframt til hreinsunar seyru á vegum Seyruverkefnisins. Starfsstöð UTU er á Laugarvatni, en þjónustan stendur framarlega í rafrænum umsóknum og samskiptum. Það auðveldar íbúum að sækja þjónustu óháð búsetu.

Nýverið lögðu oddvitar Flóahrepps og Árborgar fram sameiginlegt erindi um samstarf vegna framtíðaruppbyggingar austan Selfoss, við sveitarfélagamörkin og meðfram nýjum Suðurlandsvegi. Um er að ræða um 100 hektara svæði í eigu Árborgar sem liggur innan sveitarfélagamarka Flóahrepps. Sveitarfélögin hafa samþykkt erindisbréf vinnuhóps með þremur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi til að móta tillögur að samkomulagi um skipulag, uppbyggingu og rekstur svæðisins.

Markmiðið er að skapa forsendur fyrir fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu sem nýtist íbúum beggja sveitarfélaga. Áhersla Flóahrepps er skýr: svæðið verði áfram innan núverandi sveitarfélagamarka og undir skipulags- og stjórnsýsluvaldi Flóahrepps. Í samkomulaginu þarf að útfæra ábyrgð, þjónustu og skiptingu kostnaðar og tekna. Stefnt er að því að vinnuhópurinn skili drögum í desember, en endanlegt samkomulag verður lagt fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga til samþykktar.

Samgöngumálin eru áfram eitt af okkar brýnustu hagsmunamálum. Öruggar samgöngur eru forsenda daglegs lífs, skólaaksturs og atvinnulífs í Flóahreppi og við þurfum að þrýsta á áframhaldandi uppbyggingu samgöngukerfisins. Allsherjar- og samgöngunefnd Flóahrepps hefur meðal annars það hlutverk að gera forgangslista í samgöngumálum til að nýta í samtali við ríkið og Vegagerðina. Mikil umferð um hringveginn og mörg hættuleg vegamót í sveitarfélaginu kalla á markvissar úrbætur sem þola ekki bið. Við leggjum því áherslu á áframhaldandi uppbyggingu hringvegarins að Þjórsá, þar með talin undirgöng fyrir ríðandi umferð, með öryggi allra vegfarenda sem lykilþátt í uppbyggingunni.

Samtal sveitarfélaganna við ríkið snýst ekki aðeins um samgöngur, heldur einnig um skilyrði til uppbyggingar og reksturs. Á nýliðnu ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, á Hvolsvelli var samþykkt ályktunin „Suðurland er ekki hraðbanki ríkissjóðs“. Þar er fyrirhuguðum skattahækkunum og auknum álögum á atvinnulíf og samfélög á Suðurlandi mótmælt. Kallað er eftir óháðu og heildstæðu mati á samanlögðum áhrifum þessara áforma áður en þau verða afgreidd og raunverulegu samráði við sveitarfélögin frá upphafi stefnumótunar.

Verkefni sveitarfélaga eru mörg og fjölbreytt. Stór hluti vinnunnar er ekki alltaf sýnilegur utan frá, svo sem undirbúningur, kostnaðarmat verkefna og forgangsröðun. Sú vinna er þó mikilvæg til að tryggja að ákvarðanir dagsins í dag skili samfélaginu okkar árangri til framtíðar.

Þegar veturinn færist yfir finnst mér við hæfi að minna á það sem skiptir ekki síður máli en framkvæmdir og fjárhagsáætlanir: samfélagið sjálft. Einn af styrkleikum Flóahrepps er öflugt félags-, íþrótta- og menningarstarf og vilji fólks til að leggja sitt af mörkum. Það er ekki sjálfgefið og því mikilvægt að við hlúum áfram að þessu starfi og þeim sem standa að því.

Unnið er að yfirferð tilboða í frístundaakstur fyrir Flóahrepp og standa vonir til að þjónustan geti hafist um áramótin. Verkefnið er því enn í undirbúningi, en með því er stefnt að því að auðvelda þátttöku barna í frístundastarfi.

Jafnframt er unnið að mótun reglna um afslátt vegna aksturs í leikskóla og um hvatagreiðslur. Fyrirhugaðar hvatagreiðslur munu ná til allra barna og ungmenna á aldrinum 0 –18 ára, sem og eldri borgara. Stefnt er að því að uppfærðar reglur taki gildi 1. janúar 2027 og verður nánara fyrirkomulag kynnt þegar þær liggja fyrir.

Að byggja áfram upp öflugt og gott samfélag í Flóahreppi er sameiginlegt markmið okkar allra og verður leiðarljósið á annasömum vikum sem eru fram undan í tengslum við vinnu við fjárhagsáætlun og mótun verkefna næsta árs. Við viljum fara vel með fjármuni sveitarfélagsins og forgangsraða af skynsemi í þágu samfélagsins. Í því efnahagsumhverfi sem við búum við á

Íslandi í dag, með hárri verðbólgu og vöxtum, er sérstaklega

mikilvægt að sýna aðgát í rekstri og fjárfestingum. Við þurfum að byggja á raunhæfum áætlunum, skoða vandlega kostnað og ávinning verkefna og gæta þess að skuldbindingar séu í samræmi við getu sveitarfélagsins.

Með skynsemi að leiðarljósi höldum við áfram að byggja upp Flóahrepp sem góðan stað til að búa, starfa og vaxa.

Bestu kveðjur,

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps



ÍÞRÓTTASKÓLI ÞJÓTANDA

Opið hús milli 10:00-11:00

Staðsetning: Þingborg

Fyrir börn fædd 2021, 2022 2023 og 2024

Þjálfarar: Guðmunda Bríet og Hanna Dóra

8. nóvember
22. nóvember
6. desember

Íþróttaskóli Þjótanda heldur áfram, engin skráning, bara mæta með góða skapið og njóta saman.



Ef spurningar vakna má senda á hannadorahoskulds@gmail.com

Aðventuhátíð Flóahrepps í Þingborg

Fjölbreytt og spennandi dagskrá fyrir alla fjölskylduna



Miðasala hefst 23.nóvember á flóahreppur.is

Miðar í forsölu 2500 / við inngang 3500

Frítt fyrir 16 ára og yngri

Ljúffengur kakóbolli og kruðerí á kakóbarnum

innifalið í miðaverði

Njótum samverunnar á aðventunni

Flóahreppur

Leikhúsferð 60 +

Við ætlum að sjá leiksýninguna Grandavegur 7 hjá Leikfélagi Selfoss, föstudaginn 13. nóvember n.k kl 20:00.
Skrá þarf þátttöku fyrir 9. nóvember hjá Írisi í síma 772-1413 eða hjá Helenu í síma 899-6685.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á irisbm@simnet.is
Sjáumst sem flest.



Nóvember

Gusur

MÁN	ÞRI	MIÐ	FIM	FÖS	LAU	SUN
26 Vika 44	27	28	29	30	31	1 Textíl frí gusa kl 20:00
2 Vika 45	3 Skógar gusa kl 20:00	4	5	6	7	8 Textíl frí gusa kl 20:00
9 Vika 46	10 Skógar gusa kl 20:00	11	12	13 Rokk gusa kl 20:00	14	15 Textíl frí gusa kl 20:00
16 Vika 47	17 Skógar gusa kl 20:00	18	19	20	21	22 Textíl frí gusa kl 20:00
23 Vika 48	24 Skógar gusa kl 20:00	25	26 Kvenna Gusa kl 20:00	27	28	29 Textíl frí gusa kl 20:00
30 Vika 49	1 Fullveldisdagurinn	2	3	4	5	6

Finnið okkur á Facebook og Instagram: Sveitasauna

ÞJÓRSÁRVER

FORELDRAKVÖLD

Í FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI

Opið hús í Félagsmiðstöðinni fyrir alla foreldra/forráðamenn í Flóaskóla. Mætum sem flest og eflum tengsl foreldra og kynnumst betur.

Dagskrá:

- Bryndís og Cathy úr Skólaráði kynna hlutverk og starfsemi ráðsins.
- Örvar og Kristín Lilja sýna okkur félagsmiðstöðina og kynna starfið.
- Kaffi, gos og snakk í boði.

ÞRIÐJUDAGINN 10. NÓV
KL 20:00-21:30

FORELDRAFÉLAG FLÓASKÓLA



Silfurleikar ÍR

30. Silfurleikar ÍR verða haldnir í Laugardalshöll þann 21. nóvember 2026 og standa yfir frá 9:00 – 18:00.
Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu keppninnar
https://ir.is/silfurleikar/

Skráning

Skráningagjöld eru í þremur þrepum, 60% afsláttur til og með 5. nóvember, 40% afsláttur til og með 17. nóvember og fullt gjald eftir það:

9 ára og yngri - 7.875 kr.
10-12 ára - 9.450 kr.
13 ára og eldri - 7.875 kr. + 1.890 kr. á grein

Foreldrar þurfa a skrá börnin sín sjálf hér:
https://netskraning.is/silfurleikar/
Ef einhverjar spurningar vakna megið þið senda skilaboð eða hringja í síma: 783-8640 (Hanna Dóra).



Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Árlega aðventuferðin okkar verður fimmtudaginn 26. nóvember. Við hittumst á Selfossi um kl 17 og verjum síðdeginu og kvöldinu saman. Nánari upplýsingar og skráning fer fram á Facebook síðu félagsins í síðasta lagi 18. nóvember.
Sjáumst sem allra flestar.
Skemmtinefndin

Gellukórinn

æfir í Þingborg alla fimmtudaga í nóvember kl 20:00-21:30.

Allar velkomnar..
Syngjum inn jólin saman 💖

Hreyfing 60+

HREYFITÍMAR VERÐA Á FIMMTUDÖGUM Í NÓVEMBER KL. 15:00-16:00 Í ÞINGBORG, UNDIR STJÓRN KRISTÍNAR LILJU.

5. NÓVEMBER
12. NÓVEMBER
19. NÓVEMBER + KAFFIHITTINGUR
26. NÓVEMBER





Hreyfing 60+

HREYFITÍMAR VERÐA Á MÁNUDÖGUM Í DESEMBER KL. 14:30-15:30 Í ÞINGBORG UNDIR STJÓRN KRISTÍNAR LILJU.

30.NÓVEMBER
7.DESEMBER
14.DESEMBER
21.DESEMBER





Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarfið í Flóaskóla þessa dagana er með nokkuð hefðbundnu sniði og starfið gengur vel.

Nemendastýrð viðtöl voru í skólanum um miðjan október. En nemendastýrð viðtöl eru foreldraviðtöl þar sem nemandinn sjálfur stýrir samtali við foreldra sína og kynnir nám sitt, verkefni, styrkleika og líðan í stað þess að kennari stýri samtalinu. Þetta er þriðja árið sem við í Flóaskóla höfum þennan háttinn á í haustviðtölum skólans og það er einstaklega ánægjulegt að sjá hversu mikinn metnað mörg barnanna leggja í kynningar sínar.

Jón Pétur kom með sína árlegu danskennslu til okkar seinni hluta október. Líkt og áður er þetta einstaklega skemmtileg viðbót við starfið okkar. Honum er einstaklega lagið að ná öllum nemendum með sér og skapa skemmtilega stemming kringum dansinn. Aðstandendum var svo boðið að koma og fylgjast með og taka þátt í síðasta danstímanum sem var sameiginlegur fyrir allan skólann.



Í komandi viku fara nemendur á elsta stigi í Menningarferð til Reykjavíkur ásamt samstarfsskólum okkar í Uppsveitum Árnessýslu. Þegar til Reykjavíkur er komið fara nemendur í 8. bekk í heimsókn á Bessastaði og síðan á Sjónminjasafnið, 9. bekkur fer á Hönnunarsafn Íslands og í Elliðaárstöð, 10. bekkur fer í Hörpuna og Álverið í Straumsvík. Dagskránni líkur svo með því að allir fara saman í Þjóðleikhúsið á sýninguna Ormstungu en það er söngleikur byggður á Íslendingasögunni Gunnlaugs sögu ormstungu. Sagan fjallar um tvö íslensk skáld, þá Gunnlaug ormstungu og Hrafn Önundarson og keppni þeirra um ástir Helgu fögru sem var barnabarn Egils Skallagrímssonar. Barátta ungu skáldanna birtist hér á nýjan og ferskan hátt, þar sem hljóðnemar koma í stað sverða.

8. nóvember alþjóðlegur dagur gegn einelti ber upp á sunnudag að þessu sinni. Hefð er fyrir því í Flóaskóla að vera með Vinaleika í tengslum við þennan dag. Í skólanum eru vinabekkir sem haldast milli ára, 1. og 6. bekkur eru vina-bekkir, 2. og 7. bekkur, 3. og 8. bekkur, 4. og 9. bekkur og síðan 5. og 10.bekkur. Á vinaleikunum hittast þessir bekkir og vinna saman í ýmsum skemmtilegum verkefnum má þar nefna forritun, félagsvist, ratleik, þrautalausnir og heimilis-fræði. Þessi samvinna skiptir miklu fyrir samskipti eldri og yngri nemenda og skapar góða heild í skólasamfélaginu.

Fyrirhugað var að elsta stig skólans myndi vera með leiksýningu upp úr miðjum nóvember, tekin hefur verið ákvörðun um að fresta henni fram yfir áramót til að hægt sé að undirbúa sýninguna nægilega vel. Stefnt er að sýningu í lok janúar en það verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Það fer að styttast í aðventuna með sínum hefðbundnu viðfangsefnum en nemendur á öllum stigum eru þessa

dagana að sinna fjölbreyttum verkefnum bæði tengdum hefðbundnum námsgreinum en líka út frá þemanu læsi sem er sá grunnþáttur sem unnið er með þessa dagana í skólanum. Það styttist þó í undirbúning fyrir hina árlegu Jólasýningu mið– og yngsta stigs sem verður að þessu sinni miðvikudaginn 9. desember kl 9:00.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur
vellíðan fyrir alla



Þorrablót Flóamanna 2027

Kæru sveitungar!
Þorrablót Flóamanna verður haldið í Þingborg
laugardaginn 6. febrúar.
Hljómsveitin Sveitamenn leikur fyrir dansi.
Nú er rétti tíminn til að taka daginn frá
og merkja við í dagatalinu.
Þorrablótsnefndin



KERDALUR
MEINDÝRAVARNIR
FYRIR HEIMILI OG FYRIRTÆKI
845 5026

Dagskrá mánaðarins:

Ungmennahús í Þingborg	2. nóv
Þjótandaæfing mið– og elsta stig	4. nóv
Hreyfing 60 + í Þingborg	5. nóv
Gellukóræfig í Þingborg	5. nóv
Þjótandaæfing yngsta stig	6. nóv
Íþróttaskóli Umf Þjótanda	8. nóv
Foreldrakvöld í Félagsmiðstöðinni	10. nóv
Þjótandaæfing mið– og elsta stig	11. nóv
Fullorðinsæfing Þjótanda	11. nóv
Hreyfing 60 + í Þingborg	12. nóv
Gellukóræfing í Þingborg	12. nóv
Þjótandaæfing yngsta stig	13. nóv
Leikhús 60+	13. nóv
Meistaramót Umf Þjótanda í skák	15. nóv
Þjótandaæfing mið- og elsta stig	18. nóv
Hreyfing og Kaffihittingur 60 + í Þingborg	19. nóv
Gellukóræfing í Þingborg	19. nóv
Þjótandaæfing yngsta stig	20. nóv
Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	21. nóv
Silfurleikar ÍR	21. nóv
Íþróttaskóli Umf Þjótanda	22. nóv
Þjótandaæfing mið– og elsta stig	25 nóv
Fullorðinsæfing Þjótanda	25. nóv
Aðventuferð Kvenfélags Villingaholtshrepps	26. nóv
Hreyfing 60+ í Þingborg	26. nóv
Gellukóræfing í Þingborg	26. nóv
Þjótandaæfing yngsta stig	27. nóv
Hreyfing 60+ í Þingborg	30. nóv
Aðventuhátíð Flóahrepps	3. des
Jólahlaðborð Nautgripabænda	4. des